

## Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2005

Í Menningar- og bókasafnsnefnd sitja: Guðbjörg Ásgeirsdóttir, formaður (D), Kristjana Jónsdóttir, ritari (S) og Einar Lárusson, meðstjórnandi (B). Starfsmenn eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður, Aldís Guðlaugsdóttir og Guðbjörg Ásgeirsdóttir, bókaverðir.

### Safnkostur og þjónusta

Unnið hefur verið að því, mestan part ársins að tengja safnkostinn við Gegni. Tvískrá hefur þurft allan nýjan safnkost inn í núverandi kerfi bókasafnsins og Gegni.

Vegna frestunar á nýrri uppfærslu Gegnis, tókst ekki að tengja útlán safnsins við hann á árinu en nýja kerfið verður tekið alfarið í notkun vorið 2006 hér á safninu. Boðið var upp á nýja þjónustu í ár – afnot af skanna og plöstudun – t.d. skírteini og fl.

### Útlán

Vegna töluverðs samdráttar í útlánum á árinu, var farið yfir tölur síðustu 6 ára. Kom í ljós að árin 2000-1 var nokkuð jafn stígandi í útlánum, en árið 2002 varð umtalsverð aukning á útlánum eða ríflega 2200 bækur. Árið eftir var fjöldi útlána álíka, en síðan – 2004 og sérstaklega núna – 2005, fækkaði útlánum umtalsvert. Mér er tjáð að það sé þekkt staðreynd að á uppgangstímum minnki ásókn í bækur á bókasöfnum.

Komum safngesta fækkaði þó ekki að sama skapi og útlánum, en erindi þeirra hafa breyst nokkuð m.a. er meira um upplýsingaleit og lestur dagblaða og tímarita svo og að nýta sér aðra þjónustu.

Útlán á árinu voru tæp 13.500, auk þess eru óskráð útlán – þ.e. óskráðar notaðar bækur í kassa hér framan við safnið (yfir sumartímann, fyrir fólk að grípa með sér og skila á sama stað eða kaupa). Samdrátturinn er mestur í skáldsögum og má ætla að aukin útgáfa bóka á kiljuformi – svo og ódýrari bækur í matvörubúðum, hafi hér einnig nokkur áhrif. Skráð útlán skiptast þannig: skáldsögur um 5000, barnabækur tæplega 3.200, fræðibækur og ævisögur um 3.700 og annað efni (t.d. tímarit) fór samtals út í rúmlega 1600 eintökum.

### Viðburðir

Sendiráð Bandaríkjanna bauð bókasöfnum að fá sýningu á bandarískum barna- og unglingabókum. Sýningin var haldin hér í bókavíkunni 19.-25. apríl. Síðasta vetrardag var líf og fjör á bókasafninu og um alla verslunarmiðstöð, því nemendur Tónlistarskólans léku á hljóðfæri og 'trúbador', spilaði og söng. Sumardaginn fyrsta var yngri börnunum boðið á leiksýningu í Kvennfélagshúsinu í boði Menningar- og bókasafnsnefndar.

Borgarbókasafn hefur haft forgöngu um það í nokkur ár að gefa krökkum kost á að velja bestu barnabækur hvers árs. Í þetta sinn gátu öll almenningsbókasöfn á landinu verið með. 30 börn fylltu út kjörseðla um bókaverðlaun barnanna hér í Grindavík, síðan var dregið úr innsendum kjörseðlum og sá heppni fékk tvo miða á barnaleikritið Klaufar og kóngsdætur, sem Þjóðleikhúsið var svo rausnalegt að gefa Bókasafninu í vinning.

Á milli 20-40 krakkar tóku þátt í hverri mánaðargetraun. Bóka-jólapakkar voru undir jólatrénu og þótti yngri lánþegunum gaman að taka með sér óvæntan láns-pakka heim.

Opnað var fyrir aðgang að nýja myndaforritinu í tengslum við átthagasiðuna, þó eru leitarþættir ekki virkir ennþá og mikil vinna eftir við að skrá og setja texta við myndirnar, auk þess að bæta við fleiri myndum sem þegar hafa borist.

Grindavík, 10. jan. 2006  
Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður